

Fyrirlestur í Leikhúsinu fimmtudaginn 16. mars

Kæru vinir.

Á fimmtudagskvöldið kemur kl. 20.00 í Leikhúsinu verður dr. Hjalti Hugason með erindi sem hann nefnir "Kirkjan í nútíð, fortíð og framtíð". Er þetta liður í 150 ára afmæli Möðruvallakirkju.

Hjalti lýsir erindinu svo:

Staða kirkjunnar í samfélagi samtímans er um margt óljós. Ýmsum finnst „sótt að kirkjunni“. Aðrir ræða um aðskilnað ríkis og kirkju. Sumir vilja hefja nýja sókn.

Í erindinu/spjallinu/fyrirlestrinu (varla!) verður dregið fram hvernig samfélag, ríki og kirkja hafa tekið gagngerum breytingum í tímans rás sem og staða kirkjunnar í samfélaginu og tengsl hennar við ríkisvaldið. Einnig verður spurt: Hvert stefnir? Hvert finnst þér að eigi að stefna?

Helga Kolbeinsdóttir og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir flytja okkur sönglög. Kaffi og spjall að erindi loknu.